





Myndir eftir Þorvald Skúlason og Eirík Smith á Myndlistarsýningunni.

MYNDLISTARSÝNING



Málverk eftir Jóhannes Jóhannesson.

GARDÍNUBÚÐIN

Nýkomin Gardisette-efni.

GARDÍNUBÚÐIN

Ingólfsstræti
(gegnst Gamla Bíói).

FLUGSÝN h.f. sími 18823

FLUGSKÖLI

Kennsla fyrir einkaflugpróf — atvinnuflugpróf.

Kennsla í NÆTURFLUGI
YFIRLANDSFLUGI
BLINDFLUGI.

Bókleg kennsla fyrir atvinnuflugpróf byrjar í nóvember og er dagskóli.

Bókleg námskeið fyrir einkaflugpróf, vor og haust.

FLUGSÝN h.f. sími 18823

Á Listahátíð þeirri sem nú stendur yfir getum við séð hvar við erum stödd í myndlist í dag. Í Listasafni ríkisins eru yfirlitsverk 32 listamanna frá síðastliðnum 5 árum. Sýning þessi er haldin vegna 20 ára afmælis lýðveldisins.

Það er vel til fundið að velja myndir frá undanförunum 5 árum. Ef sýna ætti myndlist frá liðnum 20 árum yrði hún svo yfirgripsmikil, að við ættum engin salarkynni fyrir hana. Auk þess yrði hún sama sýningin og sú sem við getum séð í Listasafni ríkisins daglega, að henni ólastaðri.

Þrátt fyrir það að nokkrir okkar merku listamanna, eldri og yngri eru ekki með á sýningunni, færir Listahátíðin okkur heim sanninn um hversu mikið er um vélt í myndlistinni. Myndlistarmennirnir íslensku hafa getað þróað og þroskað stefnu sína og hugmyndir, gert háar kröfur til sjálfra sín og aldrei slakað á þeim. Árangurinn er nú til sýnis.

Myndhöggvararnir eru 9. Á myndhöggvaradeildinni hefði sumt mátt betur fara. Sérstaklega sakna ég þess að sjá ekki verk eftir Ásmund Sveinsson þar, hefði þátttaka hans eflaust gefið sýningunni meiri reisn, enda þótt margir góðir menn leggi þar fram krafta sína, t.d. Sigurjón Ólafsson, sem á þarna öndvegisverk, smækkaði mynd af klyfjahestinum, andlitsmynd, járnmynd og trémynd, hvorttveggja snjóll og margþætt verk. Jón og Guðmundur Benediktssynir eiga þar líka abstraksjónir í járn, sumt skemmtileg verk. Þrjár myndir eftir Magnús Á. Arnason eru mjúklega unnar, drengs-höfuð og móbergsmyndir tvær, þar sem slétt myndin kemur út úr hrjúfu móberginu. Nokkrar laglegar andlitsmyndir eru þarna líka og svo mynd sem er annars eðlis en allt annað á sýningunni. Baðstofa Ríkardórs Jónssonar, vandvirkislega unnið heimildarverk.

Málaralistin á sér flesta iðkendur, enda þar hún uppi sýninguna. Fjörug og djörf verk Nínu Tryggvadóttur í fyrsta herbergi hátíðasalanna fara vel við kyrrlátar náttúrumynd-

ir Júlíönu Sveinsdóttur og litfegurð Jóhanns Briem og Sverris Haraldssonar og gefa strax auga leið að hér muni vera forvitnilegt um að litast.

Kjarval finnur sér skáldleg yrkisefni í olfulitinn eða þá hann malar fólk, blóm, mjúka samhljóma og blandast saman raunveruleiki og æfintýri.

16 til 20 daga utanlandsferð fyrir aðeins 8000 til 8500 krónur



FERÐASKRIFSTOFAN

LANDSÝN

TÝSGÖTU 3. SÍMI 22890.

Listahátíðin

Þorvaldur Skúlason er ein nýlunda þessarar sýningar. Hann er enn að komast að breyttum viðhorfum á myndfleti sínum. Fletirnir rofna meira en áður, án þess losni um bygginguna. Verk hans skipulega yfirveguð og leyfir sér aldrei sætleik í litum. Afl þessara mynda verður mikið.

Gunnlaugur Scheving er ólíkur öllum öðrum málurum okkar. Litlar myndir hans eru hnitmiðaðar að formi og efni, meitluð málverk, en þegar hann slær á sagnastrenginn á stóru myndunum, segir hann okkur hvað sem er á myndfletinum, vísur Viglundar okkar tíma, þjóðarsöguna endurborna, sögu Bjarts í Sumarhúsum á sínu þögla máli. Mér finnst hann aldrei hafa náð lengra í þeirri list en á tveim stærstu myndunum á þessari sýningu.

Málverk Jóhannesar Jóhannessonar mynda líka einn fallegasta vegg sýningarinnar. Úrvinnsla hans er hrein og tær t.d. no. 21 þar sem gráir og grábláir litir tendrast upp af rauðum lit í miðju. Myndir hans eru byggðar um þungamiðju forms og lita.

Í innsta sýningarsal er margt djúrt litaspil og fer vel við rölega samstilling Sigrúðar Sigurðssonar. Og þó að hér sé aðeins örfárri getið er það ekki vegna þess að ekki sé um fleiri málara að ræða.

Austurherbergi salarkynna Listasafnsins eru hvorki eins stór né góð sýningarherbergi og miðsalirnir. Myndir sem þar hanga njóta sín aldrei eins og í stærri sólunum, en þar er margt vel gert og fallegt, glerrista, vefnaður, vatns-litir og teikningar. Vefnaður Vigdísar Kristjánsdóttur er alltaf afbragðs góð vinna. Ásgerður Búadóttir semur myndir sínar nútímalegar í byggingu.

Sýningin í heild er ein bezta samsýning sem hér hefur verið haldin, vel uppsett og tilbreytingarík, valin að efni og anda.



Myndlist Íslands hefur sniðið sig eftir alþjóðlegum stefnum, þroskað þær og umbreytt á sinn veg. Hin tæra stefna forms og lita er ríkjandi stefna.

D. V.

Akureyri — Neskaupstaður

Neskaupstað, 1/6. — Um síðustu helgi kom hingað einvalalið frá Taflfélagi Akureyrar og háði hildi við félagi úr Taflfélagi Neskaupstaðar, sem fengið höfðu liðsstyrk frá Eskifirði og Egilsstöðum. Var teft á 13 borðum, og lauk viðureigninni með yfirburðasigri Akureyringa, eða 11:2.

Í hraðskákkeppni unnu Akureyringar einnig með 119½:49½. Taflfélag Neskaupstaðar hefur hug á að endurgjalda þessa heimsókn næsta haust, og reynir þá væntanlega að hefna ófáranna.

Keflvískt framlag

Keflavík 11/6 — Menn halu upp á afmæli lýðveldisins á mismunandi hátt.

Fyrir tuttugu árum orti Kristinn Rey, Suðurnesjaskáld, kvæði í tilefni lýðveldisstofnunar og nefndist það Frjálsa Ísland. Nýlega hefur hann samið lag við ljóðið. Og er ljóð og lag nýkomló út, útsett fyrir karlakór.

☆☆☆

Eystrasaltsvikan stendur yfir 4 til 17. júlí. Gert er ráð fyrir meiri þátttöku frá öllum Eystrasaltslöndunum og fjölbreyttari skemmtiskrá en nokkru sinni fyrr.

☆☆☆

Að Eystrasaltsvikunni lokinni verður farin 2ja til 3ja daga ferð um Austur-Þýskaland með viðkomu í Berlín. Flogið verður báðar leiðir. Til Kaupmannahafnar 1., 3. eða 5. júlí og heim um 20. júlí.

☆☆☆

Þátttökupantanir þarf að leggja inn til okkar fyrir 18. júní.

